

Kynjajafnrétti - Gátlisti fyrir leikskóla



Starfsfólk og samskipti

- ☐ Er börnum heilsað og þau kvödd á sama hátt óháð kyni, sömu orð, sami tónn?
- ☐ Er stelpum og strákum hrósað jafn oft fyrir útlit og klæðnað?
- ☐ Notar starfsfólk fjölbreytt hrós til allra barnanna?
- ☐ Fá öll börn leikskólans reglulega hrós og hvatningu?
- ☐ Eru notuð sömu orð og sami tónn þegar stelpum og strákum er sagt til/leiðbeint?
- ☐ Á starfsfólkið jafn oft í samræðum við stelpur og stráka?
- ☐ Er talað við börnin sem einstaklinga og nöfn þeirra notuð í stað þess að þau séu tekin sem hópar út frá kynjum t.d. stelpur þið eruð alltaf svo duglegar að ganga frá, strákar komið þið hingað?
- ☐ Eru nöfn allra barna nefnd upphátt yfir daginn?
- ☐ Er starfsfólk meðvitað um að brjóta staðalmyndir af og til í samræðum við börnin t.d. spyrja hvort afi hafi þrjónað nýju peysuna eða segjast ætla að hringja í smíðakonuna og biðja hana að koma og laga hurðina?
- ☐ Eru börnin reglulega hvött til að prófa eitthvað nýtt t.d. í vali?
- ☐ Eru börnin reglulega sett í kynjablandaða hópa?
- ☐ Ef staðalmyndir birtast í námsefni, tekur starfsfólk sér tíma til að ræða það við börnin og spyrja gagnrýninna spurninga?
- ☐ Er þess gætt að raddir allra barna fái að heyrast til jafns? Er leitað sérstaklega eftir röddum hljóðlátu barnanna?
- ☐ Er unnið markvisst með fin- og grófhreyfingar allra barna?
- ☐ Fá öll börn jafn mikla hvatningu varðandi snyrtimennsku og tiltekt?
- ☐ Fá öll börn sömu aðstoð í fataklefanum og í matartímanum eða sömu hvatningu til að gera sjálf?
- ☐ Eru skýrar reglur varðandi framkomu og virðingu í leikskólanum?
- ☐ Fá öll börn þjálfun í að tjá sig um tilfinningar sínar og líðan? Er þeim kennd heiti á mismunandi tilfinningum?
- ☐ Er öllu ofbeldi hafnað í leikskólanum?
- ☐ Fá börn sem beita ofbeldi þjálfun í að leysa ágreining á annan hátt?
- ☐ Er unnið með og talað um snertingu og persónuleg mörk?
- ☐ Er unnið með frelsi barna til að velja og hafna snertingu?
- ☐ Eru notuð rétt orð yfir kynfæri, s.s. typpi og píka?
- ☐ Er starfsfólk meðvitað um að ekki öll börn skilgreina sig í samræmi við úthlutað kyn sitt og þau eiga rétt á sinni kynvitund?



Umhverfið

- ☐ Eru bleikir og bláir litir notaðir til jafns fyrir bæði/öll kyn?
- ☐ Hafa börnin aðgang að myndefni sem sýnir fólk í óhefðbundnum kynhlutverkum?
- ☐ Hafa börnin fyrir augum myndefni sem sýnir fjölbreyttar fjölskyldur?
- ☐ Eru ummönnumaraðilar í leikskólanum af fleiri en einu kyni?
- ☐ Eru límmiðar, stimplar eða annað skraut hlutlaust og fjölbreytt fyrir öll börn?

- ☐ Eru börn hvött til að vera á svæðum sem þau velja vanalega ekki sjálf?
- ☐ Hafa öll börn jafnan aðgang að öllum svæðum leikskólans (sem ætluð eru börnum)?
- ☐ Eru öll börn hvött til að sýna hugrekki og þor?
- ☐ Eru öll börn hvött til að sýna vináttu og hlýju?
- ☐ Eru öll svæði leikskólans kynjahlutlaus?



Námsgögn og leikföng

- ☐ Eru leikföng kynjahlutlaus?
- ☐ Eru búningar kynjahlutlausir og lausir við staðalmyndir (s.s. prinsessukjólar og ofurhetjubúningar)?
- ☐ Höfðar leikefni leikskólans til fjölbreytts barnahóps?
- ☐ Eru púsluspil leikskólans laus við staðalmyndir?
- ☐ Er þess gætt að jafnt kynjahlutfall aðalsöguhetja sé í þeim barnabókum sem lesnar eru?
- ☐ Er starfsfólk meðvitað um þær staðalmyndir sem birtast reglulega í barnabókum s.s. heimavinnandi mæður, fjarverandi feður, blíðar og sætar stúlkur og óþekkir ævintýragjarnir drengir?
- ☐ Á leikskólinn námsefni sem sýnir fjölbreytileika t.d. fólk með fötlun, fólk með ólíka líkamsgerð, fólk af erlendum uppruna, kynsegin fólk, fjölbreytt fjölskyldumynstur? (eru til dúkkur með annað litarhaft en hvítt? Barnabækur eða púsl með ólíkum fjölskyldum s.s. samskyrja foreldra, börnum með fötlun o.s.fv?)



Annað

- ☐ Eru söngtextar lausir við staðalmyndir kynjanna?
- ☐ Sýna söngtextar fjölbreytileika mannlífsins?
- ☐ Leitar starfsfólk jafn mikið til feðra og mæðra varðandi hegðun, líðan og heilsu barna?
- ☐ Gera umsóknareyðublöð ráð fyrir fleiri kynjum en tveimur? s.s. Karl/Kona/Kynsegin
- ☐ Gera umsóknareyðublöð ráð fyrir fjölbreyttu fjölskyldumynstri? s.s. að skrá forsjáraðili 1/ forsjáraðili 2 í stað Móðir/Faðir



Hvað gerum við vel?



Hvað viljum við gera betur?

